

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst viðkomandi skattstjóra eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. mgr. 42. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingvi Már Pálsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 449/1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þá tekur endurgreiðsla ekki til virðisaukaskatts sem færa má til innskatts, sbr. VII. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. málslíður 1. mgr. 8. gr. orðast svo: Endurgreiðslubeiðnir skulu að því er aðkeypta þjónustu varðar byggjast á sölureikningum er fullnægja skilyrðum reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.
- b. Í stað orðanna „sölu verktaka“ í 2. másl. 1. mgr. 8. gr. kemur: kaup.
- c. Við 1. mgr. 8. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Frumrit sölureiknings skal fylgja endurgreiðslubeiðni annarra en byggingaraðila sem byggja til sölu eða leigu í skilningi reglugerðar nr. 576/1989.
- d. 2. mgr. 8. gr. orðast svo: Endurgreiðslubeiðnir skulu að því er varðar vinnu byggingaraðila sjálfs og starfsmanna hans byggjast á fullnægjandi bókhaldi skv. 7. gr. reglugerðar nr. 576/1989.
- e. Við 3. mgr. 8. gr. bætist nýr málslíður er verður 2. málslíður, svohljóðandi: Með fullnægjandi tilgreiningu greiddra vinnureikninga á endurgreiðslubeiðni telst skyldu til